

Til nemenda á námskeiðum við Myndlistaskólann í Reykjavík

Kæru nemendur

Undanfarna daga hefur verkefni stjórnenda Myndlistaskólans verið að færa allt nám í dagskóla yfir í fjarnám. Það er ekkert launungarmál að í fyrstu þótti okkur erfið tilhugsun að kenna verklegt nám í gegnum tölvu. Í samræmi við það voru fyrstu viðbrögð okkur að fella almenn námskeið niður fram yfir páska. En fjarnámið gengur vonum framar og því höfum við ákveðið að bjóða nemendum námskeiðaskólans sömuleiðis upp á leiðsögn við að vinna sín verkefni heima. Sum námskeið útheimta sérhæfðari búnað en önnur en ef við höfum ekki tækin og tólin þá notum við tímann í hugmyndavinnu. Kennarar munu hafa samband við ykkur á næstunni, sjálfsagt flestir í gegnum tölvupóst en mögulega eru einhverjir hópar þegar saman á facebook og þá er það hinn vettvangur.

Ég vona að þið getið nýtt ykkur þetta tilboð okkar.

Með bestu kveðjum.